



Alþingi
Erindi nr. P/138/1662
komudagur 9.4.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 9. apríl 2010

Tilvísun: 2010030142

50.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Ríkislögreglustjóri þakkar fyrir að eiga þess kost að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingar í ökuskírteini um vilja til líffæragjafar, þskj. 196 – 175. mál. Bent er á að í reglugerð nr. 118/2010 frá 1. febrúar sl. um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini er kveðið á um ökuskírteinishafar geti skilað skriflegri beiðni til lögreglustjóra um að tilgreint sé í ökuskírteini þeirra að þeir séu líffæragjafar. Í tilefni af birtingu reglugerðarinnar skrifaði ríkislögreglustjóri samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu bréf, dagsett 26. mars sl., sem fylgir hjálagt í afriti.

Það er viðhorf ríkislögreglustjóra að allir sem óska eftir því að vera líffæragjafar geti ráðfært sig við heilbrigðisstarfsfólk sem skráir slíkar upplýsingar með öðrum heilbrigðisupplýsingum. Upplýsingar um líffæragjafa væru þá aðgengilegar í gagnagrunni heilbrigðiskerfisins og hvenær ósk um líffæragjöf var sett fram. Réttar upplýsingar sem byggja á faglegum leiðbeiningum og örugg skráning um vilja manns skipta hér miklu.

Vafalaust er ekkert skírteini hér á landi í jafn mörgum eintökum og ökuskírteini. Ökuskírteini má veita þeim sem er fullra 17 ára, en lögræðisaldur er 18 ár og því getur ólöggráða einstaklingur ekki tekið ákvörðun um að vera líffæragjafi, sakir ungs aldurs. Ökuskírteini má endurnýja þremur árum síðar og getur þá gilt í 50 ár, eða til 70 ára aldurs. Allar breytingar sem gerðar eru á ökuskírteini leiða til þess að nýtt ökuskírteini er gefið út. Réttthafi þess ber kostnað af breytingum. Hættan er sú að rétthafi ökuskírteinis láti hjá líða að skrá í það upplýsingar um að hann sé líffæragjafi eða að hann hafi ákveðið að vera það ekki lengur. Gömul skráning í ökuskírteini um að rétthafi þess sé líffæragjafi getur beinlínis verið í andstöðu við vilja hans.

F.h. RLS
Thelma Cl. Þórðardóttir / Gísli Pálsson

Fylgiskjal:
Bréf ríkislögreglustjóra dags. 26. mars 2010



LJÓSRIT
COPY

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 26. mars 2010

Tilvísun: 2010030183

12.10

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
frú Ragnhildur Hjaltadóttir
ráðuneytisstjóri
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Efni: Reglugerð nr. 118/2010 um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini

Þann 17. febrúar sl. var birt á vef stjórnartíðinda reglugerð nr. 118/2010 frá 1. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini. Í 4. gr. er kveðið á um að VII. viðauki reglugerðarinnar breytist með nýrri málsgrein, 6. málsgrein, með fyrirsögninni „sameiginleg ákvæði“ sem orðist svo:

„Liggi fyrir sérstök, skrifleg beiðni ökuskírteinishafa er heimilt með tákntölu að tilgreina upplýsingar í ökuskírteini um að hann sé líffæragjafi. Beiðnin skal undirrituð í viðurvist lögreglustjóra. Upplýsingar skulu færðar í dálk 12 í ökuskírteininu. Lögreglustjóri skal gera skrá yfir ökuskírteinishafa sem leggja fram beiðni, sbr. 6. mgr. 1. töluliðar í VII. viðauka við reglugerð um ökuskírteini og varðveita allar beiðnir með öruggum hætti.“

Breytingar á reglugerðinni eins og hér er lýst falla ekki undir verksvið lögreglunnar. Þær eru á forræði heilbrigðisyfirvalda sem er rétt stjórnvald til að leiðbeina þeim sem vilja gefa líffæri og varðveita beiðnir þeirra með öðrum heilsufarsupplýsingum. Breytingar sem kunna að verða á högum manns og leiða til þess að hann vill endurskoða ákvörðun sína um líffæragjöf yrði þá komið á framfæri við heilbrigðisyfirvöld. Nú þegar eru fáanleg sérstök kort hjá embætti Landlæknis, í lyfjabúðum, afgreiðslustöðum Tryggingastofnunar ríkisins víða um land og móttökum Landspítala-háskólasjúkrahúss fyrir þá sem vilja gefa líffæri. Ökuskírteini getur einstaklingur fengið 17 ára. Það endurnýjast með nýju ökuskírteini við 20 ára aldur og fyrir almenn ökuréttindi má endurnýja ökuskírteinið að 50 árum liðnum. Gjald er greitt fyrir hvert ökuskírteini við endurnýjun og þegar breytingar verða sem fela í sér skráningu í ökuskírteini.

Með þessum athugasemdum beinir ríkislögreglustjóri þeim tilmælum til sveitastjórnar- og samgönguráðuneytisins að ákvæði 4. gr. a reglugerðarinnar, eins og það er orðað, og b liður að því er varðar tákntöluna 900 fyrir skírteinishafa, sem hefur gefið yfirlýsingu um að hann sé líffæragjafi, verði fellt brott. Samkvæmt 5. gr. er gildistími ákvæða 4. gr. 1. maí 2010.


Haraldur Johannessen / Jónas Ingi Pétursson